

Um skipun umboðsmanna í þjóðaratkvæðagreiðslum á grundvelli 60. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og viðmið við val þeirra

Landskjörstjórn skipar umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við þjóðaratkvæðagreiðslu, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála. Landskjörstjórn skipar jafnframt varamenn umboðsmanna. Fjöldi umboðsmanna og varamanna þeirra fer eftir ákvörðun landskjörstjórnar.

Skipun umboðsmanna tekur til tiltekinnar þjóðaratkvæðagreiðslu og skal gilda þar til ágreiningsmálum um gildi eða framkvæmd kosninganna er lokið.

- Landskjörstjórn skal velja umboðsmenn og varamenn og skulu þeir vera lögmenn sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. Val umboðsmanna miðast við skrá sýslumanns um virk lögmennsréttindi, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um lögmenn.
- Skipa skal umboðsmenn í hverju kjördæmi og skulu þeir gæta ólíkra sjónarmiða við þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Skipun umboðsmanna skal samrýmast lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- Þegar umboðsmenn hafa verið valdir skal hlutkesti ráða því hverra sjónarmiða þeir gæta.
- Framangreind viðmið gilda við val varamanna eftir því sem við á. Varamaður skal vera talsmaður þess sjónarmiðs sem umboðsmaður sá sem hann tekur sæti fyrir sinni.

Viðmið þessi voru samþykkt á fundi landskjörstjórnar 10. mars 2026.

Landskjörstjórn, 19. mars 2026.

Kristín Edwald.

Arnar Kristinsson.

Indriði Ingi Stefánsson.

Ebba Schram.

Magnús Karel Hannesson.